

17
23. júní

L Ö G

um

eignarnám á landspildu í Skeljavík við Hnífsdal.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Hreppsnefnd Eyrarhrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu veitist heimild til að
láta taka eignarnámi landspildu til afnota við starfrækslu bátabryggju í svo-
nefndri Skeljavík innan við Hnífsdal.

Stærð landsins má vera allt að 25000 fermetrar.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Þorsteinn Briem.